


EINTAK BÓKASAFNS

VMST-V/87004

SIGURÐUR MÁR EINARSSON

ÁLFTÁ Á MÝRUM
LAXARANNSÓKNIR HAUSTIÐ 1986.



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

VMST-V/87004

VEIDIMALASTOFNUN
VESTURLANDSDEILD

ALFTA A MYRUM
LAXARANNSÖKNIR HAUSTIÐ 1986

SIGURDUR MAR EINARSSON

VMST-V/87004
Borgarnesi, Janúar 1987

Unnið fyrir
Veiðifélag
Alftár

LAXARANNSÖKNIR I ALFTA Á MYRUM HAUSTID 1986

1. INNGANGUR

Hér verður greint frá fiskirannsóknnum sem fram fóru í byrjun september í Alftá á Myrum að beiðni Veiðifélags Alftár. Markmið rannsókna var að athuga uppeldis- og hrygningarskilýrói fyrir lax, athuga seiðaástand, hvað varðar útbreiðslu, vöxt og þéttleika seiða og leiðbeina um fiskrækt í ánni í kjölfar rannsókna. Þessi athugun er sú fyrsta sem gerð er á laxastofni árinna og var því um frumathugun að ræða.

2. STADHÆTTIR

Alftá er sambland af dragá og lindá. Áin er tiltölulega vatnslítill og er meðalsumarrennsli árinna talið vera 2.4 m³/s. Áin á upptök sín í jaðri Alftárhnaus skammt frá býlinu Alftá. Um 6 km frá upptökum Alftár fellur þveráin Veita í ána, en efstu drög hennar eru inn á Hraundal.

Vatnasvæði Alftár er nú nær allt fiskgengt síðan Kerfoss var gerður fiskgengur árið 1973. Veita er einnig að mestu fiskgeng og er fiskur talinn komast um 10 km leið upp ána að litlum fossi skammt ofan við Syðri-Hraundal.

Alftá er í hópi minni laxveiðiaáa, en hefur vakið athygli síðustu árin fyrir verulega veiðiaukningu og stöðugleika í veiði. Má þar nefna að árin 1981-1985 veiddust að jafnaði 349 laxar í ánni.

Nokkuð hefur verið unnið að fiskrækt í ánni, t.d. fiskvega-gerð sem fyrr greindi og einnig hafa sleppingar farið fram, aðallega gönguseiðasleppingar.

3. ADFERDIR

Botngerð og straumlag árinna var metið með því að ganga ána en þessi tveir þættir segja mikið til um uppeldis- og hrygningarskilýrói fyrir lax. Laxaseiði velja sér búsvæði eftir stærð. Minni seiði þrífast vel á fingerðum botni, en flytja sig á grófari botn er þau stækka. Grýtt brot í ánum eru þannig bestu uppeldissvæðin þar sem mest skjól og fæða er fyrir hendi.

Einnig voru seiðarannsóknir gerðar á 13 stöðum í ánni með rafmagnsveiðum. Á mynd 1 er staðsetning veiðistaða sýnd með númerum. Seiðapéttleiki á hverjum veiðistað var reiknaður með því að umreikna það seiðamagn sem fékkst í einni rafveiðiyfirferð á 100 m² botnflatarmál. Heildarseiðapéttleiki var þó ekki reiknaður en það krefst mun tímafreakari aðferða, heldur látið nægja að bera saman innbyrðis seiðapéttleika í ánni. Öll seiði voru greind til tegundar, lengdarmæld og af hluta aflans tekin sýni til aldursákvarðana.

4. NIÐURSTÖÐUR

4.1 BOTNGERÐ OG STRAUMLAG

Veita var athuguð frá ármótum upp að Syðri-Hraundal. Botngerð og straumlagi árinna má skipta í 2 svæði. Efri hluti Veitár frá Syðri-Hraundal að neðra-fljóti hefir mjög góð skilyrði fyrir lax hvað botngerð og straumlag varðar. Áin er á þessum hluta smágrýtt-grýtt, bakkar eru grónir og því gott bakkaskjól og einnig eru margir góðir hrygningarstaðir. Áin hefir því allt til að bera sem gott hrygningar- og uppeldissvæði á þessum hluta. Frá neðra fljóti niður að ármótum verður áin mun fingerðari. Stórir hlutar hafa leir eða sandbotn en þó eru grýttir kaflar inn á milli. Í heild eru skilyrðin því mun rýrari en á efri hlutanum, en eru þó alls ekki léleg, t.d. er mjög gott svæði fyrir neðan Alftártungu og eru þar nokkrir góðir hrygningarstaðir.

Alftá sjálf var athuguð eftir því sem kostur var frá ós að bænum Alftá. Gróflega má skipta ánni í 3 svæði. Neðsta svæðið nær frá ósi að Hrafnkellsstöðum. Áin er þar víðast hvar mjög fingerð í botninn sérstaklega neðst, þar sem leir og sandbotn ræður ríku. Er ofar dregur verður áin malar-kenndari, en alls staðar á þessu svæði verður að telja skilyrðin frekar rýr bæði til hrygningar og uppeldis.

Næsta svæði nær frá Hrafnkellsstöðum að ármótum við Veitá. Allt þetta svæði er smágrýtt til grýtt og er þetta besta uppeldissvæðið í ánni og nýtist mjög vel til seiðauppeldis, sérstaklega svæðið frá Brúarlandi að ármótum.

Efsta svæðið nær frá ármótum upp að bænum Alftá. Áin er þarna mjög lygn og fellur í þröngum stokki. Botn er leir eða malar-kenndur. Þetta svæði verður að telja fremur rýrt til hrygningar og seiðauppeldis af þessum sökum. Þó er sámilegt svæði í ánni við bæinn Alftá.

4.2 SEIDAATHUGANIR

4.2.1 Veitá

Í ánni var veitt á 3 stöðum (Mynd 1), fyrir ofan foss við Syðri-Hraundal, fyrir neðan brú við Syðri-Hraundal og neðst við Pálshyl neðan við bæinn Alftártungu. Nauðsynlegt hefði verið að veiða ána á fleiri stöðum en slíkt var ekki unnt að gera þar sem víðast er ekki bílfært með ánni. Fyrir ofan foss við Syðri-Hraundal fundust engin laxaseiði (Tafla 1) og einungis eitt urriðaseiði. Fyrir neðan brúna fannst klak frá 1986 en mjög fá eldri seiði (Tafla 1). Árið 1985 þornaði áin upp á þessu svæði og er mjög líklegt að meiri hluti seiða á svæðinu hafi drepist af þeim orsökum. Talið er að lax fari ekki upp fyrir fossinn við Syðri-Hraundal. Fossinn virðist ekki vera ófiskgengur en þessi athugun getur ekki skorið úr um það, þar sem áin þornaði upp sem fyrr greindi og jafnvel

Þó lax hefði hrygnt síðustu árin á því svæði hefðu seiðin að öllum líkindum flest drepist. Þegar neðar dregur í ánni er ástand seiða hins vegar eðlilegt eins og seiðatalning við Pálshyl sýndi og var þar mjög mikið seiðamagn, enda kemur mikið lindarvatn í ána úr hrauninu, þannig að ekki er hætt á vatnsskortri þar fyrir neðan.

Allir árgangar fundust í ánni við Pálshyl og bendir vöxtur seiðanna (Tafla 2) til að áin framleiði gönguseiði á 3-4 árum (Mynd 2).

4.3.3 Alftá

Almennt má segja að seiðaástand Alftár hafi verið mjög gott. Að jafnaði fundust flestir árgangar að undanteknum vörgömlum seiðum (klak 1986), en slíkt er eðlilegt þar sem þau dreifa sér lítið frá hrygningarstöðum fyrsta sumarið og þarf því að hitta nákvæmlega á hrygningarstað til að finna þau. Seiðafjöldinn var nokkuð misjafn milli veiðisvæða (Tafla 1) og var mestur á svæðinu frá Hrafnkellsstöðum að ármótum við Veitá, en það svæði býður upp á bestu skilyrðin hvað botngerð og straumlag varðar. Mismunandi þéttleiki seiða endurspeglar því hversu gott búsvæðið er á hverjum stað. Almennt voru seiðaárgangar 1986 (0+), 1985 (1+) og 1984 (2+) stórir og ættu að leiða til góðrar laxagöngu í ána er þar að kemur.

Vöxtur seiðanna (Mynd 3 og tafla 2) sýnir að áin framleiðir gönguseiði mest á 3 árum. Vöxturinn er svipaður innan árinna, en jókst þó nokkuð er neðar dró í ánni, enda áin hlýrri er neðar dregur.

4.3 SLEPPINGAR

Í rafveiðunum varð á mörgum stöðum vart við eldisseiði (gönguseiði) er sleppt var sumarið 1986. Veiddust þau fyrir ofan ármót, milli Brúarlands og ármóta, fyrir neðan Brúarland, fyrir ofan Eiríksfljót og fyrir neðan Kerfoss. Sleppt var 1000 seiðum 1986 og bendir allt til að mikið af seiðum hafi ekki farið til sjávar eins og þau ættu að gera, heldur hafi setið eftir í ánni. Sleppingin virðist því hafa mistekist og seiðin fara því ekki út fyrr en ári síðar en þau ættu að gera. Þetta er óheppilegt, þar sem þau verða fyrir afföllum í ánni og lenda jafnframt í samkeppni við náttúruleg seiði.

5. ALYKTANIR

Alftá virðist víðast hvar fullnýtt til framleiðslu á laxa-seiðum. Hrygning virðist því eiga sér stað um alla ána og áin nýtist á þann hátt mjög vel til seiðaframleiðslu. Undantekning á þessu er efsti hluti Veitá, þar sem þurrkar 1985 hafa sennilega drepit mikið af seiðum. Seiðaástand árinna er því almennt séð gott og ætti að skila góðri veiði næstu árin.

Hvað fiskrækt varðar verður ekki séð að áin þurfi almennt á sleppingum að halda. Alls ekki á að sleppa sumaröldum seiðum í ána þar sem laxinn sér sjálfur um að fullnýta framleiðslu-svæðin. Undantekning er efsti hluti Veitár og kemur þar til greina að sleppa sumaröldum seiðum á svæðið fyrir ofan foss við Syðri-Hraundal. Hægt væri að sleppa gönguseiðum ef menn vilja meiri fisk. Ef slíkt er gert er eindregið ráðlagt að seiðin verði merkt þannig að hægt sé að meta árangur af slíkum sleppingum. Þá er ráðlagt að nota einungis seiði af stofni árinna til sleppinga. Einnig er nauðsynlegt að seiðin séu fóðruð og aðlöguð að ánni í sleppitjörn í a.m.k. mánuð fyrir sleppingu en ekki að sleppa þeim beint í ána eins og gert var 1986. Slíkt er einungis soun á fjármunum þar sem mikil hætta er á því seiðin sitji eftir í ánni og endurheimtist þannig lítið í ána aftur.

Veiðimálastofnun er fús til frekari ráðgjafar og leiðbeininga um fiskrækt í ánni. Með árlegum rafveiðum er hægt að fylgjast með seiðaástandi og á þann hátt hægt að sjá fyrir áföll sem kunna að koma, t.d. vegna veðurfars. Þá þyrfti sérstaklega að fylgjast með seiðafjölda í efsta hluta Veitár.

TAFLA 1

FJOLDI LAXFISKASEIDA SEM VEIDDIST I EINNI RAFVEIÐIYFIRFERÐ
 PER. 100 M² BOTNFLATARMAL I VATNAKERFI
 ALFTAR 9.-10. SEPTEMBER 1986.
 (- = EKKI TIL STADAR


<u>VEIÐISTADUR</u>	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>LAX</u> <u>2+</u>	<u>3+</u>	<u>ALLS</u>	<u>UR.</u> <u>ALLS</u>	<u>BL.</u> <u>ALLS</u>
1 F.n. Alftá	0.2	0.4	5.3	0.4	6.3	1.2	0.2
2 Ofan við ármót	-	5.7	14.3	1.4	21.4	-	-
3 Milli Brúarlands og ármóta	-	15.6	16.0	-	31.6	0.3	-
4 F.n. Brúarland	9.3	24.7	21.0	-	55.0	3.7	-
5 F.o. Eiríksfljót	4.6	10.5	3.4	-	18.5	-	-
6 F.n. Karfoss	2.6	13.2	2.3	-	18.1	-	-
7 F.n. Hrafnkellsstaði	4.0	6.3	2.3	-	12.6	-	-
8 F.n. Lambafoss	5.5	1.5	1.8	-	8.8	0.7	-
9 F.n. Alftárbakka	0.6	3.6	-	-	4.2	-	-
10 Alftárbakkalækur	-	8.9	6.7	-	15.6	-	-
11 Veita f.o. S-Hraundal	-	-	-	-	-	0.4	-
12 Veita f.n. S-Hraundal	2.5	0.4	0.4	0.4	3.7	3.2	-
13 Veita v/Pálshyl	5.8	12.4	5.2	0.6	24.0	2.4	-

TAFLA 2

MEDALLENGD LAXASEIDA I HVERJUM ALDURSHOP I
ALFTA 9.-10. SEPTEMBER 1986


ST.	0+			1+			2+			3+		
	Ml.	Sd.	n	Ml.	Sd.	n	Ml.	Sd.	n	Ml.	Sd.	n
1	2.7	-	1	4.5	0.14	2	8.0	1.01	26	13.0	0.9	2
2	-	-	-	5.7	0.30	4	8.3	0.84	10	11.7	-	1
3	-	-	-	6.0	0.52	45	8.3	0.77	46	-	-	-
4	3.7	0.29	28	6.1	0.64	78	9.0	1.16	59	-	-	-
5	3.9	0.27	22	6.3	0.54	51	9.0	0.67	16	-	-	-
6	3.6	0.29	7	6.4	0.90	41	9.1	0.58	7	-	-	-
7	3.8	0.37	12	6.8	0.62	20	9.0	1.36	7	-	-	-
8	4.0	0.40	33	7.2	0.49	9	9.3	0.94	11	-	-	-
9	4.4	0.17	4	7.8	1.00	24	-	-	-	-	-	-
10	-	-	-	8.4	0.56	8	10.8	0.78	6	-	-	-
12	3.5	0.09	7	7.6	-	1	9.7	-	1	11.4	-	1
13	3.3	0.17	19	5.4	0.44	61	7.4	0.66	17	10.6	-	1

MYND 1:
Vatnasvæði Alftár á Mýrum.
Staðsetning rafveiðistaða er sýnd með númerum.




MYND 2:

Lengdardreifing og aldur laxaseiða í Veitá í byrjun september 1986.



MYND 3:

Lengdardreifing og aldur laxaseiða í Alftá í byrjun september 1986.



MYND 3:
framh.

